

9. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. október 1980 539 stig.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða enda liggur fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 12. nóvember 1980.

Hjörleifur Guttormsson.

Páll Flygenring.

AUGLÝSING

um tilnefningu flugfélags til að halda uppi áætlunarflugferðum milli landa.

Samkvæmt heimild í VI. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir og loftferðasamningi milli Íslands og Hollands, dags. 22. mars 1950, hefur samgönguráðuneytið í dag tilnefnt Íscargo hf. til að halda uppi áætlunarflugi með farþega, vörur og póst milli Íslands og Hollands.

Samgönguráðuneytið, 18. október 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

varðandi mælitæki og vogaráhöld með rafeindabúnaði.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til hvers konar mælitækja og vogaráhalda, sem búin eru rafeindabúnaði til að ákvarða eðlisfræðilegar stærðir (massa) og notuð eru við starfsemi sem nota skal löggilt mælitæki og vogaráhöld samkvæmt lögum um mælitæki og vogaráhöld nr. 13 4. júní 1924 og tilskipun um mælitæki og vogaráhöld nr. 1 13. mars 1925.

2. gr.

Umsóknir um löggildingu skulu sendast löggildingarstofunni og með þeim skulu fylgja nauðsynlegar tæknilýsingar á tækjunum. Löggildingarstofan getur krafist þess að lýsingarnar séu lagðar fram á íslensku.

Í umsókn skal gerð grein fyrir eftirfarandi:

- a) Lýsing á tegund tækisins.
- b) Lýsing á framleiðslu og gerð, eða tegund tækis og véla- og rafeindaaðalhlutum tækisins.
- c) Lýsing á notkunarsvæði og upplýsingar um mælitæknisvið.
- d) Ef óskað er eftir löggildingu á mismunandi gerðum tækis, skal hverri gerð fylgja stuttur lýsing á uppbyggingu tækisins, notkun, meðferð og búnaði, eða tengimöguleikum fyrir hann. Lýsingin, ásamt kerfismynd og/eða teikningu skal saminn þannig að hún geti myndað grundvöll að forma fyrir löggildingu tegundarinnar.
- e) Tillögur um áletranir, skilti og innsigli.

Með umsókninni skulu fylgja eftirfarandi gögn:

- a) Yfirlitsmynd yfir allt mælkerfið, þar sem gefin er upp afmörkun á grunn-tæki.
- b) Smíðalýsing og teikning fyrir vélahluta.
- c) Lýsing og yfirlit fyrir rafeindahluta í formi kerfis og/eða yfirlitsmynda fyrir tækið eða útlit þess og mælitækniupplýsingar, svo og lýsing á öryggis- og eftirlitsbúnaði. Heimilt er þó að óska eftir nánari upplýsingum um uppbyggingu rafeindabúnaðar. Erlendar samþykktir á tegundinni ef slíkar eru fyrir hendi er heimilt að láta fylgja umsókn.

3. gr.

Löggilding gildir í 3 ár nema annars sé sérstaklega getið.

Löggildingarstofan getur í sérstökum tilvikum veitt tímabundið leyfi til notkunar tækis áður en fyrir liggur samþykkt á tegundinni.

4. gr.

Hafi mælitæki eða vogaráhöld með rafeindabúnaði möguleika til fjölþættari upplýsingagjafar en um frumeiningu þá, sem mæla skal eða vega, skal einungis sá hluti tækisins löggiltur sem slíka frummælieiningu sýnir.

Nefnist sá hluti tækisins **grunntæki** og skal hann afmarkaður einu eða fleiri **grunnmörkum**, sem ein segja til um takmarkanirnar á löglegan hátt.

Gefi grunntæki tvenns konar upplýsingar eru viðbótarupplýsingar nefndar **hliðarmörk**.

Gefi grunntækið frá sér prentaðar upplýsingar um mælinguna má fjarlægð milli prentunarstaðar og mælingarstaðar ekki vera meiri en tveir metrar og verða mælingarupplýsingarnar á mælingarstað svo og prentunin að sjást samtímis.

Séu tilheyrandi mælitæki eða vogaráhaldi hlutar sem gefa fleiri upplýsingar en mælieininguna eru þeir ekki löggildingarskyldir. Nefnast slíkir hlutar **viðbótartæki** og afmörkun þeirra **viðbótarmörk**.

Viðbótartækin skulu vera galvanískt skilin frá grunntæki og galvanískar afmarkanir eiga að vera í grunntækinu.

Þessa er þó ekki krafist fyrir verðreikningsútbúnað, sem byggður er inn í grunnreikningseiningu.

Merkjaflutningur frá viðbótartæki til grunntækis á ekki að geta haft áhrif á frumupplýsingar.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar refsingu samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 13 1924, enda varði þau ekki þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 13 1924, um mæli-tæki og vogaráhöld öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. nóvember 1980.

Friðjón Þórðarson.

Hjalti Zóphóniasson.

REGLUGERÐ

um lánadeild Iðngarða við Iðnlánasjóð.

1. gr.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 59/1979 um breytingu á lögum um Iðnlána-sjóð, skal starfrækt við sjóðinn sérstök deild er nefnist lánadeild iðngarða. Deildin hefur þann tilgang að veita stofnlán til sveitarfélaga, félagasamtaka og einstaklinga, sem reisa iðnaðarmannvirki, í því skyni að skapa starfsaðstöðu fyrir iðnfyrirtæki, efla þar með íslenskan iðnað og stuðla að hagkvæmari dreifingu iðnaðar um landið.

2. gr.

Iðngarður er samkvæmt reglugerð þessari mannvirki sem reist er og/eða rekið í framangreindum tilgangi og veitir að jafnaði fleiri en einu iðnfyrirtæki aðstöðu.

Eigendum ber að gera samþykktir um viðkomandi iðngarð þar sem fram kemur m. a.:

- markmið með byggingu iðngarðs.
- félagsform og stjórn.
- eignaraðild og fjárhagsábyrgð.
- reglur um sameiginlega þjónustu.
- skilgreiningu á aðstöðu sem látin er í té.
- reglur um leiguskiðmála.

3. gr.

Lánveitingar deildarinnar eru háðar því skilyrði að mannvirkin, sem lánað er til, verði eingöngu til afnota fyrir iðnfyrirtæki sem greiða iðnlánasjóðsgjald, samanber 5. grein laga nr. 68 frá 1967 (ásamt breytingum).

Verði út af því brugðið fellur allt lánið í gjalddaga nema samþykki stjórnar Iðnlánasjóðs liggi fyrir.

4. gr.

Aðili sem hyggst sækja um lán úr Iðnlánasjóði skal gera stjórn Iðnlánasjóðs skriflega grein fyrir áformum sínum um notkun þeirra mannvirkja, sem hann hyggst reisa eða festa kaup á. Í umsókninni skulu m. a. veittar upplýsingar um:

- 4.1 Nafn umsækjanda og heimilisfang.
- 4.2 Fjárhagsstöðu, veðmöguleika og/eða ábyrgðir.
- 4.3 Staðsetningu, lýsingu á hinum fyrirhuguðu mannvirkjum, teikningu, áætlun um byggingarkostnað eða kaupverð og afrit af kaupsamningi svo og áætlun um fjármögnun.